

Re: Aðalskipulagsbreyting Grindavík - golfvöllur - hreinsivirk og stígar: Ósk um umsögn

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 2.6.2022 13:58:17 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 2.6.2022 13:58:16 |
| Tilheyrir | 202204-0027 - Aðalskipulagsbreyting Grindavík - golfvöllur - hreinsivirk og stígar |

Efni

Re: Aðalskipulagsbreyting Grindavík - golfvöllur - hreinsivirk og stígar: Ósk um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 2.6.2022 13:58:16 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | Atligeir@grindavik.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202204-0027 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfissviði Grindavíkurbæjar, dags. þann 22. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 vegna nýs hreinsivirkis, frárennislagnar, göngu- og reiðhjólástígs og stækkun golfvallar. Tillagan er nú endurauglýst vegna stækkunar íþróttasvæðis um 20 ha frá áður auglýstri tillögu.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um um fyrri auglýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 14. janúar 2022. Innihald þeirrar umsagnar á við enn og varðandi golfvöllinn og stækkun hans vill Náttúrufræðistofnun áréttu að golfvöllurinn er á dyngjuhrauni, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, og þó það sé sandorðið og ekki með mjög hátt verndargildi er æskilegt að hlífa eins og hægt er heillegum hraunhólum og opnum sprungum. Þá þarf að taka tillit til þess að stækkun golfvallarins getur haft áhrif á lífríki í Arfadalsvík sem er á náttúruminjaskrá en þar er mikið fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en vísar í fyrri umsögn stofnunarinnar um málið.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Geir Júlíusson" <Atligeir@grindavik.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "hes" <hes@hes.is>; "Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum" <sss@sss.is>; "reykjanesbaer@reykjanesbaer.is" <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; "Gunnar Kristinn Ottósson" <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>; "Skrifstofa Vogar" <skrifstofa@vogar.is>; "Davíð Viðarsson" <david@vogar.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "gunnlaugur@olfus.is" <gunnlaugur@olfus.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Daniel" <daniel@reykjanesgeopark.is>; "Ríkiseignir - FSRE" <rikiseignir@fsre.is>; "Ármann Halldórsson - FSRE" <Armann.Halldorsson@fsre.is>

CC: "Íris Gunnarsdóttir" <iris@grindavik.is>

Subject: Aðalskipulagsbreyting Grindavík - golfvöllur - hreinsivirk og stígar: Ósk um umsögn

Date: 22.4.2022 16:30:42

Sæl/sæll,

Óskað er umsagnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

Nýtt hreinsivirki og frárennislögn, göngu- og reiðhjólástígar og stækkun golfvallar í Grindavík. Breytt aðalskipulag.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi þann 29.mars 2022 að auglýsa á nýjan leik tillögu að breyttu aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032. Ástæðan fyrir því að tillagan er auglýst aftur er að íþróttasvæðið hefur stækkað um 20 ha frá áður auglýstri tillögu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir hreinsivirki fyrir skólp á hafnarsvæðinu við Eyjabakka og frárennislögn frá henni til suðurs á Hópsnesi og út í sjó. Þá er í tillögunni bætt við göngu- og reiðhjólástíg frá íbúðarsvæðum vestast í Grindavík inn á stíg með fram Nesvegi. Í tillögunni er jafnframt sett fram stækkun golfvallar við Húsatóftir í Grindavík. Nánar um tillöguna er vísað til kynningargagna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Kynningargögn vegna ofangreindrar tillögu má sjá í viðhengi ásamt því að tillagan eru aðgengilegar á heimasíðu og í afgreiðslu bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 (2.hæð) frá kl. 8:00 til 15:00 á þriðjudögum og fimmtudögum og frá kl. 9:30 til 15:00 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Umsögn, athugasemdir eða ábendingar skal senda skriflega á netfangið atligeir@grindavik.is (<mailto:atligeir@grindavik.is>) eða til Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eigi síðar en **4. júní 2022**.

Berist ekki ný umsögn frá þeim eru gerðu umsögn við fyrr tillögu er litið svo á að sú umsögn gildi.

Erindi þetta verður eingöngu sent í tölvupósti.

Bið ykkur að staðfesta móttöku.

Með kveðju/ Kind regards,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

Grindavíkurbær

Víkurbraut 62

240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100

GSM:898-2854

atligeir@grindavik.is (mailto:atligeir@grindavik.is)

www.grindavik.is (http://www.grindavik.is/)

Fyrirvari/Disclaimer - www.grindavik.is/fyrirvari (http://www.grindavik.is/fyrirvari)

Viðhengi

image001.png (5 KB)